

Samræður um erindi dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur á landssambandsþing DKG 4. maí 2019

Í lok erindis síns: Hlúð að velferð ungs fólks – Hvað getum við DKG systur gert? vísaði Sigrún til stefnu DKG þar sem fram kemur m.a.:

„Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum ... fræðilegum gæðum í menntun og uppeldisstörfum“ (Heimasíða DKG).

Í framhaldi varpaði hún spurningunni fram til þátttakenda: Hvað getum við DKG systur gert til að hlúa að velferð ungs fólks? Hún bað DKG systur um að vinna saman fjórar í hverjum hópi í 15 mínútur og hafa einn ritara. Hugmyndum hópanna safnaði Jenný Gunnbjörnsdóttir síðan saman og fara þær hér að neðan.

Niðurstöður hópa:

Hópur 1:

- Hvetja foreldra til að sækja uppeldisnámskeið.
- Auka almenna umræðu.
- Gera uppeldislegt efni og námskeið aðgengileg foreldrum/fjölskyldum, t.d. örfyrirlestrar, greinaskrif.
- Fá þekktu aðila til að taka umræðu um uppeldismál líkt og gert hefur verið í geðheilbrigðismálum.

Hópur 2:

- Við getum rætt meira um samélagsleg mál innan deilda og sent frá okkur skilaboð til yfirvalda og eða foreldrasamtaka.
- Hægt t.d. að ræða mál sem væru sameiginleg í öllum deildum og landssambandsstjórnin safnaði niðurstöðum saman. Einnig getum við líka reynt að höfða til félagskvenna því allar gætum við reynt að gera eitthvað t.d. meðal okkar nánustu.
- Grunnur að samskiptum liggur í fjölskyldum. Foreldrar skipta börn mestu máli og uppeldis/samverustundirnar heima skipta mestu máli fyrir börnin.

Hópur 3:

- Með því að starfa með börnum erum við að hlúa að velferð barna – lífsstarfið.
- Huga betur að líðan barna í skólastarfi. Hvernig styrkjum við sjálfsmynd barna?
- Hvernig sjá þau fyrir sér námið sitt? Hvernig styrkjum við seiglu?

- Láta sig málið varða í stórum starfsmannahópi.
- Notfæra sér umræðu á jákvæðan hátt.
- Börnin sjálf komi með tillögu: lýðræðishugsun – hlusta með virðingu á skoðanir barna.
- Það má ekki gefast upp – bekkjarfundir.
- Raddir barna þurfa að heyrast.
- Beina hugsun að því hvernig við ætlum að vinna með líðan.

Hópur 4:

- Koma með hugmyndir og leiðir til foreldrafræðslu.
- Námskeið fyrir verðandi foreldra um tilfinningatengsl.
- Setja saman fræðslupakka um leiðandi uppeldi og tilfinningatengsl barna á öllum aldri og gera þennan pakka aðgengilegan.

Hópur 5: Veita öryggi

- Hlúa að börnum.
- Hægja á – ræða mennskuna.
- Styrkja og fræða félagskonur- sem uppalandur. Þannig breiðum við út þekkinguna í samfélagið.
- Gæti foreldrafræðsla t.d. verið þema í starfi samtaka – t.d. ákveðið tímabil?
- T.d. samtökin/deildirnar standa fyrir fræðslu sem hugsanlega vekur fólk til umhugsunar. T.d. veggspjöld, einblöðungur sem væri dreift út í samfélagið. Eitthvað áþreifanlegt framlag.
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Annað dæmi um þema sem samtökin gætu gert sem heild til að styrkja starfið um leið og leggja af mörkum til samfélagsins.

Hópur 6:

- DKG systur gætu stuðlað að/haldið þjóðfund um hlutverk grunnskólans og inntak náms:
- börn- raddir nemenda verða að heyrast
- foreldrar
- skólafólk
- ráðamenn
- Að við skrifum greinar/hugleiðingar í blöð/tímarit/á samfélagsmiðla.

Hópur 7:

- Kynna uppeldisaðferðir fyrir foreldrum
- Hvetja til meiri tíma með börnunum við styttingu vinnuviku
- Fræðsla á vegum foreldrafélaga
- Gefa fólk frá öðrum löndum sem hafa sest að á Íslandi tækifæri til að ræða uppeldi barna – mismunandi gildi.

Hópur 8:

- Auka umræðu um velferð barna (fjölmíðlar).
- Vinna að auknum félagslegum samskiptum

Hópur 9:

- Deila hugmyndum.
- Hvetja sjónvarpið til að vera með meira af íslensku sjónvarpsefni og styðja þar með við tungumálið.